

## REGLUGERÐ

## um (2.) breytingu á reglugerð nr. 849/2023 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024.

## 1. gr.

Tafla í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Úthlutun/bátar	Þorskgildistonn
<b>1. Úthlutun til rækjubáta:</b>	<b>807</b>
Frá Amarfirði	84
Í Ísafjarðardjúpi	94
Við Húnaflóa	153
Við Skagafjörð	158
Á Skjálfanda	72
Við Öxarfjörð	208
Á Eldeyjarsvæði	24
Í Norðurfjörðum Breiðafjarðar	14
<b>2. Úthlutun til skelbáta:</b>	<b>1.008</b>
Frá Amarfirði	7
Við Húnaflóa	34
Við Breiðafjörð	942
Við Hvalfjörð	25
<b>Samtals:</b>	<b>1.815</b>

## 2. gr.

Við 16. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Um borð í fiskiskipum skal vera búnaður til að koma í veg fyrir að fuglar og spendýr festist í veiðarfærum þegar veiðarfæri eru sett í sjó.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og 14. gr. laga nr. 79/1997, um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 28. ágúst 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.